Nd. **87. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita þeim Karel Hjörtþórssyni verkstjóra, Theódór Jónssyni bókara og Sveinbirni Jónssyni byggingameistara, öllum til heimilis í Reykjavík, sérleyfi til fóðurmjölsframleiðslu úr þangi til sölu, ef þeir leiða að því þau rök, er ríkisstjórnin tekur gild, að þeir geti framleitt góða og óskaðlega vöru.

Sérleyfið má veita til allt að 10 árum frá því er lög þessi öðlast gildi, enda sé á því tímabili öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að framleiða þessa vöru til sölu.

2. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki hafið framleiðslu í nokkuð stórum stíl, að dómi ríkisstjórnarinnar, innan þriggja ára frá veitingu sérleyfisins, eða falli framleiðslan niður um tveggja ára skeið á sérleyfistímabilinu, getur ríkisstjórnin fellt sérleyfið úr gildi.

3. gr.

Sérleyfishafar skulu háðir þeim reglum, sem ríkisstjórnin kann að setja við veitingu sérleyfisins til að tryggja vörugæði framleiðslunnar og sanngjarnt verðlag.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Greinargerð sú, er hér fer á eftir, er samin af umsækjendum þeim um sérleyfið, er nefndir eru i 1. gr. frv.

Um nokkurra ára skeið hefir Karel Hjörtþórsson gert athuganir og tilraunir með fóðrun húsdýra, sérstaklega mjólkurkúa, á sjávargróðri. Fékk hann síðan í lið með sér þá Theódór Jónsson og Sveinbjörn Jónsson, sem á síðastliðnu ári gerðu ásamt honum tilraunir og athuganir með að ná skaðlegum efnum úr sjávargróðrinum, þurrka hann, mala og blanda þeim efnum, að hann, þannig tilreiddur i mjöl, yrði heilnæmt og kjarngott húsdýrafóður, er þyldi geymslu á venjulegan hátt.

Eftir að efnagreiningar á Rannsóknarstofu ríkisins höfðu sýnt þann árangur, er fylgiskjal 1 ber með sér, og eftir að hafa ráðfært sig við Búnaðarfélag Íslands, framleiddu sérleyfisbeiðendur nokkur hundruð kílógrömm af þangmjöli, sem þeir blönduðu að litlum hluta með síldar- og fiskimjöli. Doktor Jón Vestdal gerði efnagreiningu á mjölinu óblönduðu (fylgiskjal 2) og reiknaði út efnasamsetningu fóður-

blöndunnar (fylgiskjal 3). Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands var svo hr. efnafræðingur Þórir Guðmundsson fenginn til að gera fóðurrannsóknir með þangmjölið. þannig blandað með síldar- og fiskimjöli. Fylgir hér með afrit af efnagreiningu hans og áliti (fylgiskj. 4). Auk þessarar tilraunar Þóris var fóðurmjölið reynt lítilsháttar af öðrum sem kúa- og hænsnafóður, og virtist þeim það gefast mjög vel.

Þótt aðferðin við framleiðslu mjölsins sé sérstök og að mestu leyti fundin upp af sérleyfisbeiðendum sjálfum, þá er hún ekki á þann veg, að hægt sé að fá venjulegt einkaleyfi (patent) á henni. En þar sem til framleiðslunnar þarf mikinn útbúnað og tæki, en markaðurinn hinsvegar takmarkaður, er ógerningur að fara af stað með framleiðslu án þess að hafa nokkurskonar vernd fyrir offramleiðslu og óheilbrigðri samkeppni. Ætti það einnig að vera trygging fyrir góðri og ódýrri vöru, að fóðurmjölið væri framleitt af einu og sama fyrirtæki fyrir allt landið, er þá nyti alls markaðarins og gæti haft efnafræðing í þjónustu sinni og þannig betur staðið straum af rannsóknum og tilraunum, sem gera þarf, svo að sem beztur árangur fáist.

Hin tekniska hlið framleiðslunnar er ekki fyllilega ákveðin, svo að ekki er hægt að gera grein fyrir henni eða stofnkostnaði fyrirtækisins. Framleiðslumagn er ekki heldur hægt að áætla. En eins og kunnugt er, er mjög mikið notað af erlendum fóðurbæti, maís, rúgmjöli o. fl., sem þangmjölið gæti komið í staðinn fyrir. Þannig virðist hafa verið flutt inn í landið 1935 ca. 2500 tonn af maís. Kunnugur maður í þessum efnum hefir athugað, hve mikið landsmenn hafa notað af erl. og innl. fóðurbæti árin 1933—1935, og telst honum til, að það muni hafa numið að verðmæti 1½ millj. kr. hvert árið. Þar af hafi ⅔ hlutar verið útlendur fóðurbætir. Það er því augljóst, náist sá árangur, sem vænta má eftir tilraunum sérleyfisbeiðenda, að mikill sparnaður getur orðið á útlendum gjaldeyri við framleiðslu þangmjölsins, og kemur innlend vinna á við það í staðinn. Kostnaður við framleiðslu mjölsins er að langmestu leyti innlendur. Þó þarf útlent efni til framleiðslunnar, umbúðir, benzín og viðhald bíla til flutninganna. Allt þetta mun nema ca. 15% af framleiðslukostnaðinum.

Sérleyfisbeiðendur hafa sent sýnishorn af þangmjölinu og efnagreiningu þess til Belgíu og fengið svar til baka, sem gefur miklar vonir um, að talsverður markaður fáist fyrir það þar.

Fylgiskjal I.

Árangur af rannsókn á sýnishorni af fóðurblöndu, framkvæmdri 29. júní 1936 á Efnarannsóknarstofu ríkisins:

Vatn	15,2%
Aska	10,6—
Köfnunarefnissambönd	23,0—
Hráfita	4,4—
Tréni (aðferð Weende)	1,8—
Önnur efni	45,0—
	100,0%
Amiðefni	2,8%
Eggjahvítuefni (% af köfnunarefnissamb.)	20,2—
Eggjahvítuefni, meltanleg (% af eggjahvítuefnum)	15,0—
Matarsalt (Na Cl)	1,4—

Rannsóknarstofa ríkisins (stimpill).

Bjarni Jósefsson (Sign).

Fylgiskjal II—III.

Dr. Ing. Jón E. Vestdal,
efnafræðingur.

Reykjavík, 23. nóv. 1936.

Ég hefi rannsakað fyrir yður eitt sýnishorn af þangi og hafa niðurstöður rannsóknarinnar orðið þessar:

Vatn	15,07%
Aska	16,16—
Hráfita (etúrextrakt)	2,78—
Hráprótein	8,60—
Hreint prótein	7,55—
Önnur efni	57,39—
Meltanleiki eggjahvítu	16,00—

Fóðurblanda: 450 kg. þangmjöl, 100 kg. síldarmjöl og 50 kg. fiskimjöl, farið eftir meðalanalysu á mjöltegundunum, verður útreikningur á fóðurblöndunni þessi:

Vatn	14,31%
Aska	17,68—
Matarsalt (NaCl)	1,38—
Hráfita	3,95—
Hráprótein	20,74—
Hreint prótein	18,80—
Önnur efni	43,41—
Meltanleg eggjahvíta	12,40—
Meltanleiki eggjahvítu	66,00—

Jón E. Vestdal (Sign).

Fylgiskjal IV.

Um þangmjöl.

Í vetur hefi ég gert nokkrar athuganir á fóðurblöndun, sem framleidd hefir verið að tilhlutun Sveinbjarnar Jónssonar byggingameistara o. fl. —

Fóðurblöndun þessi er þannig samsett:

75% þangmjöl, þ. e. afvatnað, þurrkað og malað þang, 16⅔% síldarmjöl og 8⅓% fiskimjöl.

Tilraun var gerð með mjólkurkýr á Vífilsstöðum og þetta fóður borið saman við blöndun úr karfamjöli og rúgmjöli í hlutföllunum 1 : 3. Reyndist þangmjölsblöndunin nokkuð lakari til mjólkurframleiðslu en karfamjölið og rúgmjölið, þannig að eftir niðurstöðum tilraunarinnar að dæma virtist þurfa 1,2—1,3 kg. af þangmjölsblönduninni í hverja fóðureiningu. Kýrnar átu 1—2 kg. af henni á dag — að meðaltali 1,6 kg. — án þess að hún væri blönduð öðru kjarnfóðri, og varð ekki séð, að þeim yrði meint af á nokkurn hátt, en kýrnar átu þangmjölsblönduna tregar en samanburðarkjarnfóðrið. Voru þó i tilraunina valdar kýr, sem höfðu betri lyst á henni en Vífilsstaðakýrnar yfirleitt. Samtímis gerði ég athuganir, sem sýndu, að með því að blanda töluverðu af venjulegu kjarnfóðri saman við þangmjölsblönduna mátti fá flestar kýrnar til þess að éta hana með góðri lyst.

Af fyrrnefndri tilraun og þessum athugunum dreg ég þá ályktun, **að vel megi nota þangmjöl í kjarnfóðurblöndun handa mjólkurkúm, og tel ég líkur til, að blöndunarhlutföllin mættu t. d. vera þannig:**

40% þangmjöl, 30% síldarmjöl eða karfamjöl og 30% maís eða annað korn. —

Eftir reynslunni á Vífilsstöðum að dæma, tel ég lítinn vafa á því, að þessi

blöndun mundi étast vel, en samkvæmt því, sem áður var tekið fram um fóðurgildið, þarf þangmjölið að vera töluvert ódýrara en korn.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að þó að niðurstöður tilraunarinnar með mjólkurkýr bendi í þá átt, að 1,2—1,3 kg. af þangmjölsblöndunni þyrfti í fóðureininguna, er ekki hægt að fullyrða neitt um fóðurgildið með aðeins eina tilraun sem grundvöll.

Að lokum vil ég nefna, að ég varð ekki annars var en að þangmjölsblandan geymdist eins vel og t. d. síldarmjöl.

Reykjavík, 19. marz 1937.

Þórir Guðmundsson (Sign).